

Efni: Breyting á skipulagsskilmálum félags lóða- og sumarhúsaeygenda við Héðinslæk í landi Mýrarkots, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagssvæði



Tillaga til breytinga á skipulagsskilmálum er unnin af:

Stjórn félags lóða- og sumarhúsaeygenda við Héðinslæk í landi Mýrarkots, með aðstoð Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita á uppsetningu.

Í skilmálum gildandi deiliskipulags :

Byggingarefni og byggingarlag:

Sumarhúsin skulu byggð úr timbri, ekki stærri en 100m². Staðsetja skal hús innan byggingareits sem sýndur er á skipulagsuppdreitti í samráði við byggingafulltrúa. Þakhalli skal vera milli 15 og 45 gráður, hæð mænissáss skal ekki vera meiri en 5,5m frá jörðu og stefna N-S. Sumarhúsin skulu vera í jarðlitum sem falla vel í umhverfið.

með breytingu sem gerð var á skipulagsskilmálum 2007:

Byggingarefni og byggingarlag:

Stærð frístundahúsa má vera þannig að nýtingarhlutfall lóðar verði allt 0.03 (3%)....

Tillaga að breytingu á ofangreindum skilmálum:

Byggingarefni og byggingarlag:

Á hverri lóð má byggja eitt sumarhús, stærð allt að 150 m², en auk þess má byggja á hverri lóð 2 aukahús, t.d. gestahús eða gróðurhús allt að 40 m² og geymsluhús allt að 15 m². Nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki fara yfir 0,03 nema á lóðum sem eru minni en 5.000 m², en þar má heildar byggingarmagn ekki fara yfir 150 m² á lóð. Hámarks mænishæð sumarhúsa má ekki vera meiri en 6m frá jörðu, en önnur hús mega ekki vera hærra en 4,5m frá jörðu. Mænisstefna skal vera N-S og þakhalli 14-45 gráður. Öll hús á lóð skulu hafa samræmt útlit og vera í sama byggingarstíl. Staðsetja má hús hvar sem er innan byggingarreits.

Skilmálar haldast að öðru leyti óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann
